

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hlemmiskeið 2F, L227089 (Hraunsnef).

Deiliskipulagið tekur til 11,3 ha landspildu í Hraunsnefi, fyrir Hlemmiskeið 2F. Á landspildunni mun rísa lögbýli með landbúnaðartengda starfsemi. Heimilt verður að byggja allt að 800 m² íbúðarhúsnæði (þrjú hús) og allt að 4.400 m² húsnæði tengt búrekstri. Þar er m.a. um að ræða 500 m² gripahús, 1.000 m² reiðhöll og 1.000 m² fjölnota skemmu/gripahús. Heildarbyggingarmagn verður allt að 5.200 m².

Samþykkt í sveitarstjórn 8. janúar 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. febrúar 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. febrúar 2020